



## Heimilin taka bílalán sem aldrei fyrr

*Kaup á nýjum bílum halda áfram að aukast. Einstaklingar virðast margir nýta aukinn sparnað til kaupa á nýjum bílum en auk þess hafa hrein ný bílalán til heimilanna aukist verulega. Rafbílavæðingin gengur vel ef marka má nýjustu tölur, en vel rúmur meirihluti nýskráðra ökutækja gengur fyrir rafmagni að öllu leyti eða að hluta.*

### Mikil aukning nýskráðra ökutækja

Samkvæmt tölum á vef Samgöngustofu hafa alls um 9.600 bifreiðar verið nýskráðar á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er um 65% aukning frá fyrra ári, miðað við sama tímabil<sup>1</sup>. Ef fyrstu fimm mánuðir ársins eru bornir saman við sömu mánuði árið 2017, þegar fjöldi nýskráðra bíla náði hámarki sjáum við að 31% færri bílar eru nú nýskráðir.

Ef skoðuð er sala nýrra fólksbíla, samkvæmt Bílgreinasambandinu, eykst sala um 63% milli ára sem er í góðu samræmi við tölur Samgöngustofu. Alls hafa selst 6.844 nýir fólksbílar fyrstu fimm mánuði ársins, en á sama tímabili í fyrra seldust 4.208 nýir bílar.


### Sala til bílaleiga eykst

Á fyrstu fimm mánuðum ársins hafa 3.333 nýjar fólksbifreiðar verið seldar til bílaleiga sem er tæplega helmingur allra seldra nýrra bíla það sem af er ári, samkvæmt tölum Bílgreinasambandsins. Sala til bílaleiga hefur aukist um 155% sem af er ári, ef borið er saman við sama tímabil í fyrra. Það er því hægt að skýra aukna sölu með aukinni sölu til bílaleiga, en samkvæmt nýútgefinni [spá Hagfræðideildar](#) er gert ráð fyrir 1,5 milljónum ferðamanna til landsins í ár sem er aukning upp á 118% milli ára og kemur því ekki á óvart að bílaleigur þurfi margar að stækka flotann sinn.

### Bílalán heimilanna aukast


Það eru þó ekki bara bílaleigur sem eru að kaupa mikið af bílum um þessar mundir, vöxtur einkaneyslu var 8,8% milli ára á fyrsta fjórðungi árs

#### Fjöldi nýskráðra bifreiða



Nýskráning bifreiða og meðaltal nýskráninga í mánuði, fjöldi bifreiða 2022 miðast við fyrstu fimm mánuði ársins, samkvæmt Samgöngustofu.  
Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans.

#### Hrein ný bílalán til heimila



Mánaðarleg gögn um ný bílalán til heimila að frádregnum upp- og umframingreiðslur á föstu verðlagi aprílmánaðar 2022.  
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands.

<sup>1</sup> Allar tegundir bifreiða, óháð ástandi (nýtt eða notað), notkun eða eiganda.



og skýrist m.a. af verulegri aukningu í kaupum heimila á nýjum bifreiðum.


Nýjar lánveitingar til íslenskra heimila vegna bílakaupa, umfram uppgreiðslur, námu 25,4 ma.kr. á síðustu 12 mánuðum. Heildarupphæð bílalána í mars síðastliðnum sló met og hefur ekki verið hærrí frá því Seðlabankinn tók að mæla ný útlán árið 2013. Sem dæmi er lántaka fyrstu fjögurra mánaða ársins rúmlega 20% meiri en allt árið 2013, á föstu verðlagi. Lánveitingar á fyrstu fjórum mánuðum ársins, á föstu verðlagi, námu 8,9 milljörðum króna og jukust um 93% frá sama tímabili árið 2018 en 226% frá 2019. 12 mánaða hlaupandi meðaltal mánaðarlegra gagna um hrein ný bílalan til heimilanna jókst nú í apríl um 110% milli ára og hækkunin frá ársbyrjun 2020 slagar í 150%.

### Hlutdeild rafknúinna bíla aldrei meiri

Þegar bílakaup eru jafn mikil og raun ber vitni er mikilvægt að huga að orkuskiptunum. Nýjustu gögn benda til þess að áhugi sé mikill á rafbílakaupum, enda fást hagstæðari lánskjör hjá lánastofnunum til fjármögnunar á slíkum kaupum. Hlutdeild rafmagns- og raftengibíla mælist nú 62% af þekktum<sup>2</sup> nýskráðum bílum en hlutfall hreinna rafmagnsbíla er um þriðjungur af öllum nýskráðum bílum á landinu.


Rúmlega 6,5 milljónir nýrra rafbíla voru seldar í heiminum árið 2021 sem er tvöfalt meira en á árinu þar á undan. Það þýðir að einn af hverjum tíu nýjum bílum er rafbíll, samkvæmt árlegri skýrslu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar. Ljóst er að Íslendingar eru í sérflokki hvað varðar kaup á rafknúnum bílum sem skýrist m.a. af einkar hagstæðu verði á rafmagni hér á landi. En þrátt fyrir að viðbótin við bílaflota landsins sé í síauknum mæli vistvæn, er þunginn í flotanum samt sem áður enn bílar sem ganga fyrir öðru en rafmagni. Í fyrra voru hér á landi skráðir 21.143 rafbílar sem er aðeins 6,8% af öllum skráðum bílum, samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

### Hlutdeild nýskráninga eftir orkugjöfum



Skipting fimm stærstu orkugjafa nýskráðra ökutækja, gögn á ársgrundvelli auk samtölu fyrstu fjögurra mánaða 2022. \*Gögn frá janúar til apríl 2022. Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans.

### Skráðir bílar eftir orkugjöfum



Allar tegundir bifreiða. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

<sup>2</sup> Ákveðinn hluti gagna Samgöngustofu er óþekktur hvað tegund orkugjafa varðar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.